

**Nd.**

**1262. Breytingartillögur**

[491. mál]

við frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar (SV, HBl, PD, ÞS, EH).

1. Við 2. gr. 7. mgr. orðist svo:  
**Sláturleyfishafi** er hver sá aðili sem hefur löggildingu eða undanþáguleyfi til slátrunar búfjár skv. lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.
2. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo: Stéttarsamband bænda fer með fyrirvar framleiðenda búvara við framkvæmd laga þessara nema öðru vísi sé kveðið á um í lögum þessum.
3. Við 19. gr. Fyrir „3%“ í fyrri mgr. kemur: 5½%.
4. Við 22. gr. Fyrir „30%“ kemur: 15%.
5. Við 24. gr. Í stað orðanna „löggiltum endurskoðanda er Framleiðsluráð landbúnaðarins tilnefnið og endurskoðanda tilnefndum af landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. kemur: tveim löggiltum endurskoðendum og skal annar tilnefndur af landbúnaðarráðherra en hinn af Framleiðsluráði landbúnaðarins.
6. Við 29. gr. 1. tl. 1. mgr. orðist svo:  
Frumgreiðsla í síðasta lagi 15. október til þeirra sem slátra fyrir þann dag. Þeir, sem slátra síðar, hljóti greiðsluna í síðasta lagi tíu dögum eftir innleggisdag. Framleiðsluráð setur nánari reglur um greiðslurnar.
7. Við 30. gr.
  - a. Orðin „heimilt að gera eftirtaldir ráðstafanir“ í upphafi 1. mgr. falli brott.
  - b. Í stað orðanna „Að semja“ í a-lið 1. mgr. kemur : rétt að leita eftir samningum.
  - c. Í stað orðanna „Að ákveða“ í b-lið 1. mgr. kemur: heimilt að ákveða.
  - d. Í stað orðanna „Að ákveða“ í c-lið 1. mgr. kemur: heimilt að ákveða.
  - e. Í stað orðanna „Að innheimta“ í d-lið 1. mgr. kemur: heimilt að innheimta.
8. Aftan við fyrri mgr. 35 gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Enn fremur má þar ákveða að réttur framleiðenda skuli skerðast vegna aðstoðar sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitir til nýrra búgreina eða búháttabreytinga.
9. Við 36. gr.
  - a. Á eftir „1990 4%“ kemur: og gildir það uns endurskoðun samkv. 38. gr. hefur farið fram.
  - b. Við bætist ný málsg. er verði 4. mgr., svohljóðandi:  
Nú nást ekki samningar samkv. a-lið 30. gr. og skulu útflutningsbætur þá greiddar framleiðendum búvara í samræmi við ákvæði 2. mgr. þessarar greinar.
10. Við 40. gr. bætist ný málsg. svohljóðandi:  
Við löggildingu sláturhúsa samkv. lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum, skal gætt ákvæða 1. mgr. þessarar greinar.
11. Við 42. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Landbúnaðarráðherra veitir leyfi til að flytja til landsins kartöflur, nýtt grænmeti, sveppi og blóm.
12. Við 52. gr. 1. mgr. 52. gr. orðist svo:  
Framleiðsluráð landbúnaðarins hættir rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins frá og með 1. júní 1986.
13. 1. málsl. 60. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1985.
14. **Ákvæði til bráðabirgða**, C, orðist svo:  
Þrátt fyrir ákvæði 60. gr. skulu ákvarðanir sexmannanefndar um verð á landbúnaðarvörum og aðrar verðlagsákvarðanir, sem teknar hafa verið skv. lögum nr. 95/1981,

gilda þar til hlutaðeigandi aðilar taka nýjar ákvarðanir þar um skv. lögum þessum. Sama gildir um innheimtu verðmiðlunargjalda skv. 40. gr. laga nr. 95/1981.

Tekjum af verðmiðlunargjöldum, sem innheimt eru eftir 1. júlí 1985 og þar til landbúnaðarráðherra hefur ákveðið verðmiðlunargjald skv. V. kafla þessara laga, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði 40. gr. laga nr. 95/1981.

15. Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist nýr liður, G, svohljóðandi:

Á árinu 1985 breytast dagsetningar í eftirtöldum greinum sem hér segir:

- a. Í 4. gr. breytist „1. júní“ í: 15. júlí.
- b. Í 7. gr. breytist „15. júní“ í: 15. júlí, og „1. júlí“ í: 1. ágúst.
- c. Í 11. gr. breytist „15. júlí“ í: 15. ágúst, og „15. júní“ í: 15. júlí.
- d. Í 13. gr. breytist „15. júní“ í: 15. júlí, og „1. júlí“ í: 1. ágúst.
- e. Í a-lið 30. gr. breytist „1. ágúst“ í: 1. september.

16. Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist nýr liður, H, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skal Framleiðsluráð landbúnaðarins, það sem nú situr skv. lögum nr. 95/1981, fara með verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins skv. lögum þessum þar til fulltrúafundur Stéttarsambands bænda hefur kosið fulltrúa sína í ráðið skv. 5. gr., þó eigi lengur en til 15. september 1985.